

Ár 2006, fimmtudaginn 29. júní, var í Dómstól Handknattleikssambands Íslands (HSÍ) uppkveðinn dómur í kærumáli nr. 5/2006:

ÍBV, handknattleiksdeild

gegn

HSÍ

Málið dæmir Bergþóra Sigmundsdóttir.

Mál þetta er höfðað með kæru sem dagsett er 8. mars 2006 og móttekin var á skrifstofu HSÍ 9. mars 2006. Málið var þingfest 27. apríl 2006 og dómtekið þann sama dag.

Fyrir liggur dómskjal merkt nr. 1. Kæra, dags. 8. mars 2006, er barst HSÍ með símbrefi 9. mars 2006.

Dómkröfur kæranda:

Krafist er að vísun Hlyns Sigmarsson úr húsi af dómurum leiks ÍBV og Vals í meistaraflokki kvenna 4. mars 2006 verði dæmd ómerk og hann beðinn afsökunar á henni.

Málsástæður kæranda:

Í framangreindum leik hafi Hlyni Sigmarssyni verið vísað úr húsi án ástæðu en kærandi telur að hafi verið vegna kjaftbrúks. Kærandi lítur svo á að hvorki sé heimilt samkvæmt lögum HSÍ né dómatalögum að vísa viðkomandi úr húsi.

Niðurstaða dómsins:

Kæran er dagsett 8. mars 2006 og móttekin með símbrefi 9. mars 2006. Umræddur leikur, þar sem hið kærða atvik átti sér stað, fór fram þann 4. mars 2006. Samkvæmt 1. tl. 5. gr. laga um dómstóla HSÍ er kærufrestur til Dómstóls HSÍ 24 tímar frá því hið kærða atvik átti sér stað. Berist mál ekki innan tilskilins frests er málið ekki tækt til meðferðar. Kæran barst ekki innan tilskilins frest og er því vísað frá dómi.

DÓMUR:

Kæru handknattleiksdeildar ÍBV á ákvörðun dómara um að vísa Hlyni Sigmarssonar úr húsi á leik ÍBV og Vals þann 4. mars 2006 er vísað frá Dómstóli HSÍ.